

Reykjavík, 21. febrúar 2018

Fundargerð 169. fundar

*Tilvísun: 00060002*

Miðvikudaginn 21. febrúar 2018 var haldinn 169. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 10.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur L. Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Áslaug Hulda Jónsdóttir sat fundinn í fjarveru Gunnars Einarssonar og Theódóra Þorsteinsdóttir í fjarveru Ármanns Kr. Ólafssonar.

Grétar Þór Jóhannsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar sat fundinn undir lið 2.

Jafnframt sátu fundinn Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri SHS.

Svavar Tryggvason sat fundinn undir lið 3.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

### **1. Ársreikningur SHS 2017**

Ársreikningur SHS samstæðunnar fyrir árið 2017 var lagður fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **2. Útboð á slökkvibifreiðum**

Grétar Þór Jóhannsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar fór yfir nýfyrstaðið útboðsferli vegna kaupa SHS á slökkvibifreiðum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Slökkvibifreiðar fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – EES útboð nr. 14077, dags. 19. febrúar 2018.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir að tilboði Ólafs Gíslasonar & Co. hf. í kaup á fjórum slökkvibifreiðum fyrir SHS verði tekið.

### **3. Lóð fyrir nýja slökkvistöð**

Kynnt var skýrsla SHS um greiningu á bestu staðsetningu fyrir nýja slökkvistöð sem leysa á starfsstöðina á Tunguhálsi af hólmi.

Eftirfarandi lagt fram:

*[Handwritten signatures and initials]*  
2018

- Staðsetning nýrrar slökkvistöðvar, dags. 21. febrúar 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning. Slökkviliðinu falið að fá rýni skipulagsyfirvalda á þær staðsetningar sem helst koma til greina.

#### 4. Samningur við Mannvirkjastofnun vegna atvinnumannanámskeiðs

Farið var yfir samning Mannvirkjastofnunar við SHS um umsjón og ábyrgð náms fyrir atvinnuslökkviliðsmenn við Brunamálaskólann.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningur um nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn við Brunamálaskólann, dags. 2. febrúar 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 5. Hagræðing 2018

Umræðum frestað vegna fjarveru slökkviliðsstjóra.

*Afgreiðsla:* Frestað.

#### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

**Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.**


Fundi slitið klukkan 12.00.

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Slökkvilibifreiðar fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – EES útböð nr. 14077, dags. 19. febrúar 2018.
- Staðsetning nýrrar slökkvistöðvar, dags. 21. febrúar 2018.
- Samningur um nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn við Brunamálaskólann, dags. 2. febrúar 2018.




Dagur B. Eggertsson




Áslaug Hulda Jónsdóttir




Ásgerður Halldórsdóttir



Theódóra Þorsteinsdóttir



Haraldur Sverrisson



Haraldur L. Haraldsson